LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Sigurður Ingi Jóhannsson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

15. júní 2015

Efni: Heildarafli fiskveiðiárið 2015 / 2016

Landssamband smábátaeigenda hefur haft til skoðunar skýrslu Hafrannsókna-stofnunar um aflahorfur fiskveiðiárið 2015 / 2016, sem kynnt var 11. júní sl.

Eins og venja er byggjast tillögur LS á upplýsingum úr skýrslu stofnunarinnar um nytjastofna sjávar og upplýsingum frá félagsmönnum undanfarin ár.

Tillögur LS ná til 6 tegunda og eru eftirfarandi:

	Tillögur LS	Tillaga HAFRÓ 2015/2016	FRÁVIK LS og Hafró
Þorskur	*270 þús tonn*	239.000	13%
Ýsa	*50 þús tonn*	36.400	37%
Ufsi	*60 þús tonn*	55.000	9%
Steinbítur	*8,5 þús tonn*	8.200	4%
Langa	*14 þús tonn*	16.200	-14%
Keila	*3,4 þús tonn*	3.400	0%
Grásleppa		2.040	

Sjór fer kólnandi

Það hefur ekki farið fram hjá smábátaeigendum að miklar breytingar eiga sér nú stað í hafinu. Á helstu uppeldisstöðvum þorsks hér við SV-horn landsins er sjór nú ívið kaldari en hann hefur verið undanfarin ár. Frá árinu 2010 hefur sjór farið kólnandi en svo virðist að nú hafi slegið verulega niður við Suður- og Vesturland og Vestfirði. Hitastig sjávar úti fyrir N-landi er hins vegar enn hækkandi og að sama skapi við NA-horn landsins. Þar hefur kaldi sjórinn færst fjær landi. Myndir sem hér fylgja staðfesta hitastigsmælingar sjómanna sem sýna greinilegan mun á hitastigi. Smábátaeigendur eru á einu máli um að þessi snögga og mikla kólnun muni hafa áhrif á vöxt, að það muni draga úr vaxtahraða og meðalþyngd lækka. Hún muni hins vegar ekki hafa áhrif á viðgang þorskstofnsins, hvað náttúrulegan dauða snertir.

Auk samanburðarmyndanna tveggja í maí 2014 og 2015 er hér birt mynd frá Hafrannsóknastofnun sem sýnir frávik í hitastigi frá 30 ára meðaltali 1981 – 2010. Myndin er hrollvekjandi, þar sem frávikin verða er einna best lýst með að segja þau vera náttúruhamfarir. Því miður staðfestir myndin allar mælingar hér við land og sýnir að sjór á svæðunum fyrir sunnan og vestan við landið er kaldur, hann er undir 30 ára meðaltalinu, að undanskildum Faxaflóa sem sýnir hitasti í meðaltali.



1. mynd. Hiti á 50 metra dýpi í maí 2014.



Hiti á 50 metra dýpi í maí 2015



Það er skoðun LS að umhverfiskaflinn í skýrslu Hafrannsóknastofnunar hefði þurft að vera ítarlegri, þar sem þessar gríðarlegu umhverfisbreytingar eiga sér nú stað. Hún hefði verið sem viðbót við gríðargóða skýrslu stofnunarinnar ***„Þættir úr vistfræði sjávar 2014“.***

Þorskur - leyfilegur heildarafli verði 270 þús. tonn.

Engum þeirra fjölmörgu sjómanna, sem yrkja Íslandsmið, blandast hugur um að þorskur er nú í meira magni en á síðasta áratug 20. aldar. Sjómenn merkja slíkt best á aflabrögðum sem sýnir sig ágætlega á meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, um þorskafla á sóknareiningu. Afli á línu hefur að jafnaði verið 50% meiri en hann var á fyrstu árum viðmiðunartímabilsins og langtum meiri í botnvörpu eða um 150%.



Myndin sýnir hlutfallslegar breytingar á afla á sóknareiningu eftir veiðarfærum

Undanfarin ár hefur Landssamband smábátaeigenda hvatt til meiri þorskveiði en tillögur Hafró hafa boðað. Tillögur LS hafa verið á hógværum nótum og nú er einungis 13% milli þeirra og Hafrannsóknastofnunar.

Því miður hefur félagið ekki fengið þau viðbrögð sem það hefur talið sig eiga skilið. Einkum hefur því verið borið við að stjórnvöld væru bundin af aflareglu og eðlilegt væri að notast við bestu fáanlegu þekkingu við ákvörðun um heildarafla, en þar er átt við upplýsingar frá sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar.

LS er þeirrar skoðunar að þekking sjómanna eigi að vega inn í ákvörðun ráðherra og ítrekar hana hér með. LS hefur í því skyni ekki legið á liði sínu að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna eins vel rökstuddum og kostur er. Sérstaklega er þetta ítrekað hér þar sem aflaregla hefur verið í endurskoðun. Sjá nánar athugasemdir LS við aflareglu[1] og grein formanns LS „Endurskoðun aflareglu í þorski“[2].

Hér skulu nefnd nokkur dæmi sem félagið óskar eftir að þér hafið til hliðsjónar við ákvörðun þína um heildarafla í þorski fyrir fiskveiðiárið 2015/2016.

---

[1] Fylgiskjal nr 1

[2] Fylgiskjal nr 2

a. Hrygningarstofn mælist nú 547 þús. tonn sem er enn eitt metið í stærð hans. Síðast var það árið 1962 sem hann mældist stærri, en það ár var þorskafli 387 þús. tonn og veiðihlutfall 26%.



b. Frá og með árinu 2007 hefur veiðistofn verið í örum vexti. Hann mælist nú 1.302 þús. tonn sem er, en viðlíka stærð hefur verið ókunn í 36 ár – 1980. Það ár voru veidd 434 þús. tonn af þorski. Ath. tölurnar fyrir árin 2016 og 2017 byggjast á spám Hafrannsóknastofnunar.



c. Samkvæmt töflu 2.1.2 í ástandsskýrslu 2014 spáði stofnunin því að ef farið yrði að aflareglu og veidd 218 þús. tonn yrði hrygningarstofn 443 þús. tonn og veiðistofn 1.171 þús. tonn.

2015	
Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn *SSB*
1171	442

Það sem nú blasir við í nýútkominni skýrslu Hafrannsóknastofnunar er:

2015	
Viðm. stofn B_{4+}	Hrygn. stofn *SSB*
1302	547

M.ö.o. hrygningarstofn er nú tæpum fjórðungi stærri og veiðistofn 131 þús tonnum stærri. Á sama tíma í fyrra var þessu hins vegar þveröfugt farið þegar áform Hafrannsóknastofnunar um stækkun veiði- og hrygningarstofns gengu ekki eftir þrátt fyrir að fylgt væri ráðgjöf stofnunarinnar í einu og öllu. Munurinn var þá niðurávið um 9% á veiðistofni og 23% á hrygningarstofni þ.e.a. hann var aðeins 79% af þeirri stærð sem Hafrannsóknastofnun gerði ráð fyrir.

2015:		Veiðistofn	Hrygningarstofn
Skýrslur sýna	2013	1.317 þús tonn	600 þús tonn
	2014	1.171 þús. tonn	442 þús. tonn
	2015	1.302 þús. tonn	547 þús. tonn

Það er áhyggjuefni hversu lítið er hægt að reiða sig á áætlanir Hafrannsókna-stofnunar þegar litið er til þessara gríðarlegu sveiflna hvað viðkemur stærð hrygningar- og veiðistofns. LS leggur áherslu á að óskað verði eftir skýringum frá stofnuninni hvað þetta varðar.

d. Hlutfall þess sem veitt hefur verið ár hvert úr veiðistofninum hefur á undanförnum fjórum árum verið innan við 20%. Verði hins vegar farið eftir tillögum LS um 270 þús. tonn mun veiðihlutfallið verða nokkru hærra. LS minnir á að inneign er svo sannarlega fyrir slíkri veiði, þ.s. bakreikningar sýna

að alls 63 þús. tonn vantar upp á að veiði sl. 4 ára hafi skilað 20% af veiðistofni. Hér er aðeins tekinn um helmingur þess 31 þús. tonn og bætt við ráðlagðan hámarksafla Hafrannsóknastofnunar.

Skýrsla 2015	Afli*	Veiði-stofn**	Veiði-hlutfall**
2004	227	800	28%
2005	213	724	29%
2006	196	701	28%
2007	167	679	25%
2008	144	704	21%
2009	181	799	23%
2010	168	843	20%
2011	170	937	19%
2012	*194*	1.056	19%
2013	*222*	1.176	19%
2014	222	*1.181*	19%

* Þorskafli innan landhelgi

** Nytjastofnar sjávar 2014/2015 Nr. 182

Ýsa – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 50 þús. tonn.

Smábátaeigendur deila áhyggjum með sérfræðingum Hafró á niðurstöðum mælinga á nýliðun. Það hefur hins vegar komið fram að lélegir árgangar skila sér hlutfallslega betur inn sem veiðistofn heldur en stórir árgangar. Það er í samræmi við ábendingar LS sem byggt hefur á niðurstöðum úr haustralli og reynslu sjómanna. Vöxtur yngstu árganganna hefur verið meiri en búast mátti við. Af þeim sökum fór LS fram á að Hafrannsóknastofnun mundi endurútreikna aflaráðgjöf sem líklega hefði gefið hærri afla og þar með dregið úr kostnaði við þorskveiðar vegna mikillar ýsu við þær veiðar.

Það er skoðun LS að stofnunin hafi vanmetið stærð ýsustofnsins og aukning nú um 20% sé tilraun til að lagfæra. Þar er farið mun hægar í sakirnar heldur en LS telur æskilegt.

LS fagnar aukningunni en telur að of varlega sé farið og leggur til að aflahámark verði 50 þús. tonn.

Almennt hafa ýsuveiðar gengið vel á grunnslóð og nú í fyrra betur en fyrri ár hjá togurum. Það er því spurning hvort breytt útbreiðsla ýsunnar geti haft áhrif á gildi mælinga úr vorralli Hafrannsóknastofnunar. LS ítrekar þá skoðun sína að haustrall fái hærra vægi þegar tillaga um hámarksafla er gerð.

LS ítrekar hér með ósk um nánari skoðun Hafró á að auka vægi haustralls við ráðgjöf, þar sem það virðist vera í meira samræmi við það sem sjómenn á vettvangi upplifa.

Aðspurðir urðu smábátaeigendur varir við slaka í ýsugengd 2010 en sl. þrjú ár fiskveiðiár hefur ýsuveiði gengið afar vel og virðist hún því aftur í sókn. Bent skal á að togararallið nær aðeins að litlu leyti inn á þá slóð sem smábátar veiða ýsu.

Þá hafa sjómenn á togurum orðið varir við sömu teikn. Eftir slaka ýsuveiði 2010 og 2011 hefur afli hjá þeim glæðst jafnt og þétt.

Á síðasta ári varaði LS við að farið yrði að tilögum Hafró varðandi ýsuna. Félagið benti á að það gæti framkallað brottkast. Því miður hafa fregnir af slíku komið inn á borð LS á yfirstandandi fiskveiðiári, en þó í minna mæli en 2013/2014.

LS ítrekar viðvaranir sínar um afleiðingar þess að heimila minni ýsuveiði en 50 þús. tonn.

Að lokum ítrekar LS áhyggjur sínar á veiðum dragnótabáta og togara við Suðurland, telur að þær séu varhugaverðar og beinir því til yðar að færa þær fjær landi.

Ennfremur mótmælir LS harðlega breytingum sem gerðar voru á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands 2014 sem auka enn meir ágang á viðkvæmum hrygningar- og uppeldisstöðvum ýsu og þorsks við suðurströndina.

Ufsi – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 60 þús. tonn.

Smábátaeigendur eru sammála því að ufsinn sé í jafnvægi og ekki þörf á miklum breytingum á heildarafla. Rétt er að benda á að þetta gæti þó breyst mjög fljótt þar sem ufsi er flökkufiskur og því erfitt að byggja ráðgjöf á mælingum eins og Hafrannsóknastofnun leggur til grundvallar.

Steinbítur – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 8.500 tonn.

Tillagan er óbreytt frá því í fyrra. Aðalástæða þess að LS leggur ekki til aukna veiði á steinbít er sú sölutregða sem verið hefur undanfarin þrjú ár.

Annars hafa veiðar á steinbít gengið vel útifyrir Vestfjörðum. Útbreiðsla er mikil og gamlar veiðislóðir aftur farnar að gefa góðan afla. Sjómenn eru sammála Hafrannsóknastofnun um að stækkun friðunarsvæðisins er byrjað að skila árangri. Auk vaxandi afla og útbreiðslu er nú aftur orðið vart við smærri steinbítinn, þ.e. að nýliðun hefur batnað.

LS ítrekar þá skoðun að banna eigi beina sókn í steinbít með dregnum veiðafærum. Þá hvetur LS þig til að stækka friðunarsvæði á Látragrunni þannig að steinbítur á hrygningarslóð verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

Langa - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 14 þús. tonn.

LS er ósammála tillögu Hafró að heildarafli löngu verði aukinn í 16.200 tonn. Síðastliðið ár hefur dregið úr afla á löngu og aflinn að mestu byggst á hálfgerðu smárusli. Útbreiðslan hefur einnig minnkað og veiðin færst á færri svæði.

Keila - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 3.400 tonn.

Sjómenn sem haft hefur verið samband við telja að hægt hafi á vexti keilunnar og því rétt að fara varlega. Tillaga Hafrannsóknastofnunar er í samræmi við það.

Skötuselur

Grásleppusjómenn verða nú nánast ekkert varir við skötusel miðað við árin 2011 og 2010. LS hefur áður látið þá skoðun í ljós að skötuselur sem veiðist sem meðafli við grásleppuveiðar reiknist ekki til aflamarks, krafa um slíkt er hér með ítrekuð. Skötuselurinn er yfirleitt fullur af rauðmaga og oft eru tæjur af grásleppu sem hann ælir útúr sér þegar hann veiðist. Eftir hrygningu syndir grásleppan aftur út en rauðmaginn, vegna vöktunarhlutverks, tekst á við skötuselinn og endar því oft í gini hans. Nauðsynlegt er að veiða selinn á grásleppumiðunum og má kvótaleysi viðkomandi ekki koma í veg fyrir það.

LS telur að mikil niðursveifla í rauðmaga skýrist að miklu leyti á skyndilegri viðveru skötusels á hrognkelsamiðum. Það er miður að ekki hafi verið tekið tillit til varnaðarorða félagsins sl. ár varðandi veiðar á skötusel.

Smábátaeigendur sem gera út á skötusel eru sammála um að innreið skötusels á Íslandsmið sé að fjara út.

Grásleppa – veiðifyrirkomulag og sókn verði með sama hætti og undanfarna áratugi.

Vegna markaðsaðstæðna mælti LS með að fjöldi veiðidaga á yfirstandandi vertíð yrðu 32. Það er mat LS að veiði á hverja sóknareiningu á síðustu vertíðinni hafi sjaldan verið betri á veiðisvæðum A, B, C og D. Veiði á öðrum svæðum var í meðallagi. Á yfirstandandi grásleppuvertíð hefur veiði á sóknareiningu enn aukist og er LS sannfært um að ástand grásleppustofnsins sé gott.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri